

ÁRSSKÝRSLA 2003



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR



**FOR FURTHER INFORMATION
PLEASE CONTACT:**

New Business Venture Fund

Borgartuni 35, 105 Reykjavik, Iceland

Tel. 354 510 1800, Fax 354 510 1809

www.nsa.is

nsa@nsa.is



ÁRSSKÝRSLA 2003

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Starfsfólk Nýsköpunarsjóðs	5
Ávarp framkvæmdastjóra	5
Samþykkt verkefnafjármögnun árið 2003	14
Ársreikningur 2003	15
Áritun endurskoðenda	16
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	17
Reikningar með skýringum	19-34
Annual report 2003	35-51

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Þegar Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hóf starfsemi sína fyrir liðlega sex árum var lítið framboð af innlendu fjármagni til áhættufjárfestinga. Frumkvæði sjóðsins markaði brautina og fljótlega bættust fleiri fjárfestar í hópinn. Framan af virtust hlutirnir ganga vel, en þegar bakslagið kom fyrir 3-4 árum dró fyrir nær allt nýtt fjármagn til áhættufjárfestinga. Nýsköpunarsjóður hefur ekki farið varhluta af þessum erfiðleikum frekar en aðrir áhættu- og framtakssjóðir.

Á sex ára starfstíma sínum hefur sjóðurinn fjárfest, í formi hlutfjár, í liðlega 100 nýsköpunarfyrirtækjum en um síðustu áramót átti sjóðurinn eignarhluti í liðlega 70 fyrirtækjum. Auk þess hefur sjóðurinn veitt fjölmörg verkefnabundin áhættulán, en þau geta eftir atvikum, verið með breytirétti í hlutfé í viðkomandi fyrirtæki. Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn styrkt fjölmörg verkefni þó mjög hafi dregið úr verkefnafjármögnun á síðustu árum. Þá annast sjóðurinn eftirlit með framtakssjóðum og rekstur Tryggingardeildar útflutnings.

Á síðustu 2-3 árum hefur verulega dregið úr nýfjárfestingum sjóðsins. Megin áhersla hefur verið lögð á, að meta stöðu og möguleika þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest í og koma að endurfjármögnun þeirra á grundvelli möguleika þeirra til framtíðar. Rekstrarerfiðleikar nýsköpunarfyrirtækja og skortur á nýju fjármagni hefur gert útgöngu fjárfesta mun erfiðari. Við upphaf starfsemi Nýsköpunarsjóðs var reiknað með að sjóðurinn væri farinn að selja eignarhluti í verulegu mæli innan 5 ára, en nú er reiknað með að þessi tími geti orðið 8-10 ár.

Erfiðleikar og gjaldþrot hjá nýsköpunarfyrirtækjum hafa kallað á aukin framlög í afskriftareikning sjóðsins. Eigið fé Stofnsjóðs Nýsköpunarsjóðs, sem var í upphafi 4.000 milljónir, var um síðustu áramót 3.165 milljónir. og heildar eigið fé sjóðsins um 3.470 milljónir. Fjárfestingar og útlán sjóðsins námu samtals um 2.893 milljónir í árslok 2003. Fjárfestingar sjóðsins í nýsköpunarfyrirtækjum hafa frá upphafi verið færðar á kaupverði og hagnaður kemur fyrst fram við sölu. Til þess að mæta þeirri áhættu sem felst í fjárfestingum og útlánum sjóðsins, voru til staðar á afskriftareikningi um síðustu áramót 1.084 milljónir eða liðlega 35% af áhættustofni.

Þegar unnið var að undirbúningi starfsemi Nýsköpunarsjóðs haustið 1997 var samhliða unnið að mótun framtíðarsýnar á grundvelli laga og reglugerða um starfsemi hans. Þegar sjóðurinn hafði starfað í rúm tvö ár var farið í þessa vinnu á ný, í ljósi reynslunnar og breyttra aðstæðna. Hlutirnir breytast hratt og kalla á nýjar áherslur. Í byrjun þessa árs tók stjórn sjóðsins þá ákvörðun að hefja vinnu við mótun framtíðarsýnar og stefnuvalkosti fyrir sjóðinn og var leitað til innlendra og erlendra sérfræðinga við þessa vinnu. Auk stjórnar og sérfræðinga sjóðsins, komu fulltrúar samtaka og ráðuneyta í iðnaði og sjávarútvegi hér að verki. Þessari vinnu er nú lokið og samþykkti stjórnin nýja stefnumótun á fundi sínum á Sauðárkróki 23. apríl s.l.. Stjórn Nýsköpunarsjóðs átti fyrr á þessu ári viðræður við viðskiptaráðherra um endurskoðun á lögum um sjóðinn, sem miða að eflingu hans til framtíðar. Nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp, sem felur í sér að eignir framtakssjóðanna renni í Stofnsjóð, en þær eru nú taldar bæði eigna- og skuldamegin í reikningum Nýsköpunarsjóðs. Þá felur frumvarpið einnig í sér heimild til Stofnsjóðs, að taka þátt í nýjum framtakssjóðum með 30% hámarkshlutdeild. Með samþykkt frumvarpsins styrkist eigið fé Stofnsjóðs, en eignir þeirra framtakssjóða sem um ræðir, námu um 550 milljónum um síðustu áramót. Þess er fastlega vænst að frumvarpið verði að lögum fyrir þinglok í þessum mánuði.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur löngu sannað gildi sitt og þörfina á fjármagni til framtaksfjárfestinga hefur sjaldan verið brýnni. Stofnun sjóðsins markaði tímamót, en þar tókst sátt um ráðstöfun þeirra fjármuna sem myndast höfðu hjá fjárfestingalánum sjávarútvegs og iðnaðar. Með eflingu sjóðsins og nýrri stefnumótun mun sjóðurinn vera betur í stakk búinn að gegna hlutverki sínu við að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og til rannsókna á starfsumhverfi þeirra.

Reykjavík 6. maí 2004

Arnar Sigurmundsson
stjórnarformaður.



Arnar Sigurmundsson
stjórnarformaður.

STARFSFÓLK NÝSKÖPUNARSJÓÐS



Svala, Gísli, Ingibjörg, Finnur, Hreinn, Metta, Snorri, Smári, Björgvin Njáll, Gunnar og Soffía

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Á árinu 2003 var áhersla lögð á það, hjá Nýsköpunarsjóði, að fylgja eftir þeim fjárfestingum sem sjóðurinn hefur farið í þau 6 ára sem hann hefur verið starfræktur. Ljóst er að sjóður eins og Nýsköpunarsjóður hefur það hlutverk að fjárfesta þar sem áhættan er mest og því eðlilegt að þær viðskiptahugmyndir, sem á einum tíma voru taldar álitlegar, heltist úr lestinni, komi í ljós að ekki er til staðar nægilega stór markaður til að taka við hugmyndinni eða að sú þróunarvinna sem ætlunin var að byggja fyrirtækið á, gekk ekki sem skyldi. Af þessum sökum var farið í það á árinu, að meta allar fjárfestingar sjóðsins með tilliti til framtíðarmöguleika þeirra og þar sem við átti, að fylgja fyrirtækinu eftir með frekari hlutafjárkaupum. Lykilþættirnir í slíku mati eru möguleikar á vexti og arði fyrir Nýsköpunarsjóð, frumkvöðlana og aðra fjárfesta.

Árið 2003 einkenndist af aðhaldi og almennum samdrætti í fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum, bæði á Íslandi og í Evrópu. Nú eru hins vegar ýmis teikn á lofti að breytinga sé að vænta. Viðskiptalífið virðist vera að taka við sér í hinum vestræna heimi og meiri áhugi vera hjá fjárfestum og fjármagnseigendum á fjárfestingum í nýsköpun og óskráðum félögum. Þeir sem hafa langa reynslu af fjárfestingum á þessu sviði hafa áður upplifað miklar sveiflur í framboði á áhættufjármagni. Svo virðist vera, að sagan endurtaki sig í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum. Vonandi á það eftir að koma í ljós, að íslenski markaðurinn er ekki frábrugðinn öðrum mörkuðum hvað varðar sveiflur í framboði fjármagns fyrir áhugaverðar viðskiptahugmyndir. Við þurfum svo sannarlega á því að halda.

Afkoma ársins 2003 var neikvæð um 184 milljónir. Hagnaður varð af starfsemi sjóðsins fyrir afskriftir, upp á 362 milljónir. Framlag á afskriftareikning var 547 milljónir á árinu en endanlegar afskriftir námu 569 milljónum og staðan því á afskriftareikningi sjóðsins þann 31.12.2003 svipuð og árið 2002 eða 1.084 milljónir til að mæta skakkaföllum framtíðarinnar. Rétt er að taka fram að í ársreikningi Nýsköpunarsjóðs eru allar fjárfestingar sjóðsins færðar á kaupverði.

Á árinu 2003 fjárfesti Nýsköpunarsjóður einungis í einu nýju fyrirtæki. Samþykkt var að fjárfesta alls fyrir 146,5 milljónir í hlutafé, brúarlán með breytirétti voru samtals 51,6 milljónir og verkefnabundin áhættulán 45,7 milljónir en verkefnafjármögnun nam 42 milljónum. Starfsemi sjóðsins er umfangsmikil þar sem sjóðurinn er eignaraðili að 74 fyrirtækjum og útistandandi eru 107 lán hjá fjölda fyrirtækja.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur fjárfest í yfir 100 fyrirtækjum frá upphafi fyrir rúmlega 3,6 milljarða með hlutafé og 576 milljónum til 22. fyrirtækja með brúarlánum. Seldar hafa verið um 10 fjárfestingar fyrir samtals 381 milljónir á tímabilinu og var söluhagnaður þeirra 265 milljónir. Búið er að afskrifa að fullu fjárfestingar fyrir um 1.282 milljónir.


Í ársreikningum sjóðsins er að finna yfirlit yfir þau fyrirtæki sem sjóðurinn á hlut í. Stutta umfjöllun er að finna um nokkur þeirra hér aftar í skýrslunni til að veita þeim, sem áhuga hafa á starfsemi Nýsköpunarsjóðs, innsýn í það hversu fjölbreyttar fjárfestingar sjóðsins eru. Hugmyndin er, að slík kynning á fyrirtækjum verði fastur liður í ársskýrslu sjóðsins í framtíðinni.

Reynslan erlendis frá sýnir, að það tekur um og yfir 10 ár að þróa nýsköpunarfyrirtæki þannig að það verði að arðvænlegu fyrirtæki fyrir eigendur sína. Því má segja að það sé eðlilegt að Nýsköpunarsjóður sé að ganga á sitt eigið fé, enda sjóðurinn ekki nema 6 ára gamall og meðalaldur fjárfestinga um 4 ár. Væntingar Nýsköpunarsjóðs standa til þess, að fleiri fyrirtæki fari að ná árangri sem leiðir til þess að eigið fé sjóðsins styrkist og hægt verði að takast á við enn fleiri fjárfestingar í álitlegum viðskiptahugmyndum í framtíðinni. Á síðasta ári seldi sjóðurinn hlutabréf sín í fyrirtækinu Seaflower í Namibíu til heimamanna. Upphafleg fjárfesting sjóðsins í fyrirtækinu nam 59 milljónum árið 1999 en hlutabréfin voru seld í nóvember 2003 fyrir 178 milljónir. Ávöxtun sjóðsins af fjárfestingunni var því vel viðunandi. Í áætlunum sjóðsins fyrir árið 2004 og 2005 er ekki gert ráð fyrir verulegri sölu hlutabréfa.


Á lok árs 2003 samþykkti stjórn Nýsköpunarsjóðs að fara í endurskoðun á stefnu sjóðsins. Talið var nauðsynlegt að líta yfir farinn veg og meta hvernig sjóðurinn ætti að takast á við framtíðina. Í tengslum við endurskoðun á stefnu sjóðsins voru tveir erlendir aðilar fengnir til landsins sem funduðu m.a. með stjórn og starfsmönnum hans. Þetta voru Gordan Murray, prófessor í Exeter í nýsköpunarfræðum, en hann hefur m.a. verið ráðgjafi á því sviði víða um heim. Hinn var Christian Motzfeldt, forstjóri Vækstfonden í Danmörku, sem er svipaður sjóður og Nýsköpunarsjóður, en Christian hefur einmitt leitt Vækstfonden í gegnum umfangsmiklar breytingar nýlega. Í framhaldinu hófst síðan vinna við endurskoðun á stefnu Nýsköpunarsjóðs, en að þeirri vinnu komu, auk stjórnar og sérfræðinga sjóðsins, fulltrúar samtaka og ráðuneyta í iðnaði og sjávarútvegi ásamt innlendum ráðgjöfum sem héldu utan um verkið. Í kjölfarið var ný stefna Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins samþykkt þann 23. apríl 2004. Stefnu og framtíðarsýn sjóðsins er að finna á blaðsíðu 8 og 9 í ársskýrslunni.

Stefna sjóðsins er metnaðarfull og nokkuð frábrugðin þeirri eldri. Áhersla verður lögð á, að taka virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka og


FJÖLDI UMSÓKNA
1998 – 2003



240 SAMPYKKTAR
FJÁRFESTINGAR 1998 – 2003



GREITT HLUTAFÉ
1998 – 2003
ALLS 3.568 MILLJÓNIR





arðsemi af starfseminni ásamt góðri ávöxtun fyrir Nýsköpunarsjóð og samstarfsaðila hans. Þetta þýðir að vöruframboð sjóðsins mun einfaldast verulega. Með þeim hætti verður reynt að tryggja framtíð sjóðsins sem best, til þess að hann verði betur í stakk búinn til að stuðla að vexti nýsköpunar- og sprotafyrirtækja í framtíðinni. Nýsköpunarsjóður skilgreinir sig sem áhættufjárfesti sem starfar á markaði á sömu forsendum og aðrir áhættufjárfestar. Eini munurinn er sá að Nýsköpunarsjóður verður þar sem skortur er á áhættufjármagni. Það þýðir í raun að sjóðurinn er á markaði þar sem fjármagn er að öllu jöfnu þolinmótt og áhættan mikil. Það verður síðan að koma í ljós hvort stjórn og starfsmönnum sjóðsins takist að láta sjóðinn skili arði svo hann geti haldið áfram að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

TRYGGINGARDEILD ÚTFLUTNINGS

Á árinu 2003 var lagður lokahnykkur á endurskipulagningu Tryggingardeildar útflutnings (TRÚ). Stjórnarnefnd TRÚ samþykkti starfsreglur og gjaldskrá sem lagðar voru fyrir fjármálaráðherra til staðfestingar. Samþykktir voru *Almennir skilmálar fyrir útflutningsábyrgðir* og *Almennir skilmálar fyrir gagnábyrgðir fyrir banka*.



Á árinu var áhersla lögð á að kynna starfsemi deildarinnar. Haldnar voru m.a. kynningar í öllum bönkum og sparisjóðum auk þess sem útflytjendum var gefinn kostur á sér kynningu. Einnig voru haldnar kynningar fyrir starfsfólk Útflutningsráðs, Samtök verslunarinnar, fyrir aðila í viðskiptalífinu á Akureyri og fleiri.

Samstarf TRÚ við Exportkreditnámnden (EKN), sem er TRÚ í Svíþjóð, um mat á áhættu hófst með formlegum hætti á árinu. EKN áhættumat 6 útflutningsverkefni fyrir TRÚ og er reynslan af því samstarfi mjög góð.

Á árinu bárust 10 formleg erindi og 15 óformleg til TRÚ. Útgefnar ábyrgðir á árinu voru 11 talsins vegna 6 útflutningsverkefna. Innheimtar ábyrgðartekjur á árinu námu um 19 milljónum. Skuldbindingar TRÚ námu um 950 milljónum í árslok en engin ábyrgð féll á deildina á árinu.

Nýsköpunarsjóður leggur ríka áherslu á, að á Íslandi sé Tryggingardeild útflutnings starfrækt. Reynsla nágrannalandanna sýnir að til þess að skapa útflytjendum nauðsynleg samkeppnisskilyrði þarf stuðningur deildar eins og TRÚ að vera til staðar. Ef íslensk útflutningsfyrirtæki njóta ekki þess stuðnings sem þau nú njóta hjá TRÚ hafa samkeppnisaðilar þeirra í nágrannalöndunum forskot sem ekki getur talist viðunandi því þeir búa nær allir við stuðning frá tryggingardeild í sínu heimalandi. Það veltur hins vegar á útflytjendum hver þörfin er á slíkri starfsemi hér á landi. Það mun væntanlega skýrast á næstu misserum.

STEFNA NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFINS

Hlutverk

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Leiðarljós

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur að leiðarljósi að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi af starfseminni og góðrar ávöxtunar fyrir Nýsköpunarsjóð. Hagnaði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður varið til uppbyggingar sjóðsins, frekari fjárfestinga í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og rannsókna á starfsumhverfi þeirra.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gegnir hlutverki sínu með því að:


- fjárfesta þar sem saman fara nýsköpunargildi, líkur á arðbærri starfsemi og skortur á nauðsynlegu áhættufé
- vera sveigjanlegur í fjárfestingum og einbeita sér að verkefnum þar sem áhættufjármagn skortir
- leggja áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útrás en sérhæfa sig ekki í einstökum greinum
- gera sambærilegar kröfur til ávöxtunar fjármuna og aðrir áhættufjárfestar
- taka þátt í stjórnun þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í
- auka framboð áhættufjár með því að eiga frumkvæði að stofnun sjóðasjóða ásamt öðrum áhættufjárfestum
- rækta tengsl við uppsprettur vænlegra viðskipta-hugmynda svo og við fjárfesta sem eru líklegir til þess að koma að álitlegum nýsköpunarfyrirtækjum
- vinna stöðugt að því að starfshættir sjóðsins beri vott um þá fagmennsku sem þarf til að skapa traust og tiltrú hjá samstarfsaðilum, eigendum og viðskiptavinum

Framtíðarsýn

Íslensk nýsköpunar- og sprotafyrirtæki hafi aðgang að virkum markaði áhættufjár frá viðskiptahugmynd til vaxtar.

Með virkum markaði áhættufjár er átt við að:

- jafnvægi sé á milli arðvænlegra verkefna og framboðs fjármagns sem þarf til þess að hrinda þeim í framkvæmd
- gott samband og samvinna sé á milli þeirra sem koma að nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum frá viðskiptahugmynd og á öllum stigum fjármögnunar





Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé öflugur áhættufjárfestir sem gegnir lykilhlutverki á skilvirkum markaði áhættufjár fyrir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki.

Með öflugum áhættufjárfesti er átt við að:

- stjórnun, starfshættir, aðbúnaður, hæfni, ábyrgð og kjör séu sambærileg við það sem tíðkast hjá öðrum áhættufjárfestum á markaði

Í lykilhlutverki Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins felst:

- frumkvæði að því að laða fjármagn að áhættufjárfestingum og til kaupa á hlut Nýsköpunarsjóðs í fyrirtækjum sem sjóðurinn hefur fjárfest í
- gott samstarf við innlenda og erlenda áhættufjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum
- að Nýsköpunarsjóður er traustur og eftirsóttur til samstarfs við fjármögnun íslenskra nýsköpunar- og sprotafyrirtækja
- að hann tekur þátt í sjóðasjóðum til eflingar á áhættufjárfestingum í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum innanlands og utan

Samþykkt af stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, 23. apríl 2004

BLÁA LÓNIÐ HF



Bláa Lónið hf gegnir forystuhlutverki við uppbyggingu og markaðssetningu heilsutengdrar ferðaþjónustu og Íslands sem heilsulands. Starfsemi þess er á þremur sviðum: rekstur Bláa lónsins – heilsu-lindar, þróun og markaðssetning á húðvörum og rekstur húðlækningastöðvar. Óhætt er að segja að Blue Lagoon Iceland sé í dag eitt þekktasta og verðmætasta vörumerki Íslands.

Blue Lagoon Iceland húðvörunar eru byggðar á virkum efnum Bláa – lónsins og eru um 40 tegundir húðvara auk fylgihluta fáanlegar. Fyrstu skref í útrás varanna hafa verið tekin og er markaðssetning og sala þegar hafin í Þýskalandi. Lækningamáttur Bláa lónsins við húðsjúkdómnum psoriasis er vel þekktur og hefur fyrirtækið um árabil rekið heilbrigðisþjónustu þar sem veitt er einstök náttúruleg meðferð við honum. Lækningamátturinn er og verður um ókomna framtíð undirstaða ímyndar Bláa lónsins og gerir það einstakt á heimsmælikvarða.



Mikil uppbygging er nú framundan hjá Bláa Lóninu, en framkvæmdir eru nú hafnar við nýja húðlækningastöð sem opnar vorið 2005 og er samvinnuverkefni Bláa lónsins hf og íslenskra heilbrigðisyfirvalda, en um tímamótaverkefni er að ræða í heilsutengdri ferðaþjónustu. Markmið fyrirtækisins er að gera húðlækningastöðina að alþjóðlegri miðstöð fyrir rannsóknir og meðferð á psoriasis og öðrum húðsjúkdómum. Jafnframt er verið að reisa nýtt húsnæði fyrir rannsóknir, þróun og framleiðslu á húðvörum sem einnig verður tekið í notkun árið 2005. Bláa Lónið hf hefur á undanförunum árum fengið fjölda viðurkenninga fyrir starf sitt enda í flokki með bestu heilsulindum heims.

BONUS ORTHO SYSTEM ÍSLAND HF



Fyrirtækið hefur þróað nýja aðferð til að mæta og framleiða bæklunarskó. Sérfræðingar áætla að þessi nýjung geri það mögulegt að mæta og framleiða bæklunarskó á aðeins um 1/3 þess tíma sem hefðbundnar aðferðir krefjast í dag.

Talið er að allt að 0,2% íbúa í hinum vestræna heimi kaupi árlega bæklunarskó, en hægt er að nota Bonus Ortho kerfið í rúmlega 60% tilfella þar sem þess gerist þörf, auk þess sem kerfið nýtist til almennrar skóframleiðslu.



BOS aðferðin gengur út á að nota svokallaða leista, áfellur og plastsjó til að taka mót af fæti einstaklings í stað þess að nota ýmis önnur efni, svo sem gips og polyúretan. Leisti er mót af heilbrigðum meðalfæti en áfella er mót af fótameini. Í stað þess að senda leistana með áfellum á framleiðslustað skónna (sem oft getur verið í öðru landi) þá fylgir kerfinu einfalt en öflugt pantanakerfi þar sem allar upplýsingarnar eru skráðar á örfáum mínútum. Eftir þeim upplýsingum eru skórnir síðan framleiddir.

BOS kerfið hefur verið í prófun í Finnlandi og Spáni í hálf ár og eru skórnir framleiddir fyrir þá á vegum Bonus Ortho System í Portúgal. Reynslan af þessum prófunum er góð og hagstætt verð vekur verulega athygli. Kerfið hefur jafnframt verið kynnt fyrirtækjum í Englandi, Þýskalandi, Frakklandi, Svíþjóð, Kanada og Bandaríkjunum.

Á haustmánuðum má búast við að notkun á BOS kerfinu verði komin á gott skrið í nokkrum löndum og ekkert hefur komið fram til þessa sem bendir til annars en að BOS kerfið eigi alla möguleika á að ná verulegri útbreiðslu á árunna rás.



FLEXILAM LDA. PORTÚGAL



Límtrésframleiðsla hófst í nýbyggðri verksmiðju Flexilam í maí 2001. Í nokkur ár, þar á undan, hafði verið unnið að markaðs- og sölumálum með þeim árangri, að framleiðslugeta var nánast fullnýtt strax frá byrjun. Viðskiptahugmyndin að baki Flexilam er sú, að endurtaka í Portúgal það sem Límtré h.f. gerði á Íslandi. Þegar Límtré h.f. var stofnað var límtrésnotkun á Íslandi sáralítill og langt undir því sem gerðist t.d. á Norðurlöndum og í Þýskalandi, en eftir 20 ára starfsemi er hún orðin sambærileg við þessi lönd. Hjá Flexilam starfa nú um 30 manns, þar af 6 verkfræðingar í hönnunardeild.

Segja má að ástandið í Portúgal sé svipað og það var á Íslandi fyrir 20 árum en verksmiðja Flexilam er fyrsta og eina límtrésverksmiðjan í landinu. Árangur af markaðsstarfi hefur skilað sér í síauknum fjölda fyrirspurna og tilboða. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er um 4.000 m³ á ári. Stefna Flexilam er hins vegar sú, að leggja áherslu á sérverkefni, þar sem hönnun og þekking vega þungt, sem og sú jákvæða ímynd, sem Norræn og Norður-Evrópsk byggingarhefð hefur í Portúgal.



GECA HF.

GECA hf. var stofnað árið 1999 en tilgangur starfseminnar var að ljúka þróun og hönnun vélbúnaðar til framleiðslu á nýrri tegund byggingareininga, hefja framleiðslu og markaðssetningu á íslenska markaðinum og loks, að selja tækniþekkingu og vélbúnað til framleiðslu á einingunum, á alþjóðlegum byggingamarkaði.

Í stuttu máli byggir framleiðslutæknin á því að koltvísýringi er skotið inn í efnisblöndu af sementi, viðarkurli og vatni undir miklum þrýstingi. Við þessar aðstæður verða mjög hröð efnahvörf þannig að einingarnar ná á nokkrum mínútum 70% af efnisstyrk sínum. Þær eru holar að innan, berandi í allt að átta metra hafi, fimm sinnum léttari en hefðbundnar steypar einingar og hægt er að skrúfa í þær og saga til eftir hentugleikum, eins og um timbur væri að ræða.

Viðamiklar prófanir á burðarþoli, hljóðeinangrun, styrk og eiginleikum hafa farið fram og eru niðurstöður í alla staði jákvæðar. Fyrsta framleiðsluverkefni félagsins var unnið á síðari hluta ársins 2002 fyrir björgunarsveit Akraness og tókst mjög vel og árið 2003 voru unnin þrjú, innbyrðis ólík verkefni, samtals um 6000 m² að umfangi. Um er að ræða iðnaðarhús í Þorlákshöfn, þrjú raðhús í Hveragerði og fjögur tveggja íbúða hús á Akureyri en í þessum verkefnum voru notaðar einingar í gólf, útveggi og þök en þar sem þær eru sjálfberandi var hvorki þörf á jarnbindingu né burðarvirki.

Alþjóðleg kynning á möguleikum GECA byggingareininganna hófst á árinu 2003 og leiddi þá strax til samstarfs við hollenska aðila sem nú eru að skoða hagkvæmni bygginaeininganna fyrir evrópskan markað, með það í huga að setja upp verksmiðju í Evrópu innan tíðar. Starfsemin GECA er á Akranesi og er áformað að framleiða og selja 25-30.000 m² eininga á þessu ári, en nú þegar liggja fyrir framleiðsluverkefni til nokkurra mánaða.




LÍFEIND EHF



Lífeind ehf er rannsóknar- og þróunarfyrirtæki í líf- og erfðatækni. Markmið félagsins er að þróa og markaðssetja nýjar aðferðir til að einangra beint, úr flóknum erfðaeftissýnum, DNA sameindir með óeðlilega byggingu. Aðferðirnar má m.a. nota til að einangra DNA sameindir sem innihalda erfðabreytileika, stökkbreytingar og skemmdir. Kveikjan að aðferðum félagsins var þörfin fyrir öflugra tækni til að einfalda rannsóknir á flóknum erfðasjúkdómum á Íslandi. Aðferðir Lífeindar hafa hinsvegar mun víðtækara notagildi við rannsóknir á erfðamengjum lífvera. Hefur félagið, með öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi komið sér upp línu sérhæfðra rannsóknaraðferða sem allar beinast að því að einfalda vinnu með flókin erfðaeftissýni. Því er unnið að markaðsetningu þeirra á alþjóðlegum vettvangi.

Lífeind hóf rekstur sinn 2001 og leigir fyrirtækið afnot af tækjum og aðstöðu innan Lífefna- og Sameindalíffræðistofu í Læknagarði, sérhæfðu rannsóknar- og kennsluhúsnæði Læknadeildar Háskóla Íslands. Þetta skapar fyrirtækinu kjörskilyrði til þekkingarsköpunar og frekari þróunar afurða. Í dag starfa þrír sérfræðingar með háskólamenntun í lífvísindum hjá félaginu.

Lífeind hefur sótt um tvö einkaleyfi sem tryggja hugverkarétt félagsins. Megin áhersla næstu missera er öflun viðskipta-sambanda fyrir markaðssetningu og/eða leyfissölu þeirra afurða sem annað hvort eru fullþróaðar eða langt komnar í þróun. Auk þess munu vísindamenn félagsins halda áfram að bæta við nýjum afurðum í safn félagsins. Stefnt er að því að innan nokkurra missera verði markaðssetning/leyfissala á fyrstu afurðum félagsins farnar að skila því tekjum.



NIKITA EHF.



Fyrirtækið hannar og markaðssetur götutískufatnað fyrir ungar konur undir slagorðinu „street clothing for girls who ride“.

Hugmyndin fæddist árið 1997 í innflutningsfyrirtæki sem stofnendur Nikita áttu og ráku í Reykjavík um árabil. Ákveðið var að nýta þekkingu og reynslu af fatahönnun annarsvegar og innflutningi og smásölu hinsvegar til útrásar með eigið vörumerki. Nikita ehf. var stofnað formlega í byrjun ársins 2000 og keypti Nýsköpunarsjóður hlut í félaginu á því ári.

Núna eru vörur Nikita ehf. seldar í fleiri en þúsund verslunum í þrjátíu löndum. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Reykjavík, en félagið á tvö dótturfélög, annað í Bandaríkjunum og hitt í Þýskalandi. Dótturfélögin styrkja starfsemi fyrirtækisins á mikilvægum markaðssvæðum og leiða af sér aukna hagræðingu og framlegðarmöguleika á þessum svæðum. Vörum og vörumerki fyrirtækisins hefur verið vel tekið á öllum markaðssvæðum. Stefnt er að stofnun dótturfélags í Ástralíu á komandi vikum með söluaukningu á suðurhveli jarðar að markmiði.

Hjá félaginu starfa tólf manns við hönnun, markaðssetningu, sölu, framleiðslustjórnun, afhendingar og fjármál en ráðgert er að fjölga stöðugildum um þrjú á þessu ári.




NORRÆNAR MYNDIR EHF. (NORDICPHOTOS)



NordicPhotos (NP) sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum internetið ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndabönkum. Fyrirtækið hefur þróað eigin hugbúnað til þess að sjá um myndasafnið og sölu úr því sem lágmarkar starfsmannakostnað. Vef- og hugbúnaðarlausn fyrirtækisins hraðar allri þjónustu og lágmarkar þörf fyrir yfirbyggingu fyrirtækisins en hjá því starfa alls 10 manns.

Fyrirtækið var stofnað í lok ársins 2000. Í upphafi var starfsemin eingöngu á Íslandi og var samið við 70 ljósmyndara um að setja ljósmyndir þeirra í myndasafn NP og hefja sölu á þeim. Einnig var gerður samningur við Getty images, stærsta myndasöluaðila heims um sölu á þeirra myndefni á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Árið 2003 voru keyptir tveir sænskir myndabankar, Mira Bildarkiv og IMS Bildbyrå og þannig búið til eitt stærsta myndasafn Norðurlanda, með ljósmyndir frá yfir 500 ljósmyndurum frá öllum Norðurlöndunum. Á árunum 2003 og 2004 voru gerðir samningar við Gorilla, einn stærsta myndabanka Finlands og GV-press og Samfoto í Noregi um gagnkvæma sölu á myndum.

Í myndasafni NordicPhotos eru 5 milljón ljósmyndir, rúmlega 500 ljósmyndara en 50 þúsund ljósmyndir eru á stafrænu formi og hægt að skoða og kaupa á vefsvæði NordicPhotos, www.nordicphotos.com. Á rúmum þrem árum hefur veltan aukist jafnt og þétt, farið úr kr. 5 milljónum árið 2001 og gert er ráð fyrir að veltan verði kr. 100 milljónir árið 2004. Á næstu misserum verður áhersla NordicPhotos að halda áfram að styrkja sig í sölu ljósmynda á Norðurlöndunum ásamt því að byggja upp öflugt net umboðsaðila um allan heim og selja ljósmyndir frá Norðurlöndunum.



STJÖRNU-ODDI



Hlutverk Stjörnu-Odda er að veita rannsóknaraðilum aðgang að háþrúðum lausnum byggðum á rafeinda- og örtækni til að rannsaka og kortleggja lífrænar auðlindir.

Stefna félagsins er að selja, framleiða og þróa rafeinda- og örtæknilausnir fyrir alþjóðlegan markað. Nýjar lausnir verða þróaðar eftir þörfum markaðarins hverju sinni og í nánú samráði við viðskiptavini. Stefnt er að hámarkun arðsemi af þróunarstarfi með því að vera stöðugt á varðbergi fyrir nýjum notkunarmöguleikum lausna félagsins ásamt því að uppfylla þarfir viðskiptavina. Einnig að skila það miklum arði af sölu tilbúinna lausna hverju sinni að hann nægi til fjármögnunar og þróunar nýrra lausna. Markmið félagsins er að bjóða minnstu og áreiðanlegustu lausnirnar á markaðnum.



Stjórn félagsins skipa hæfileikaríkir menn með skoðanir og þekkingu sem spanna þau sérsvið sem rekstur Stjörnu-Odda kemur inná og hefur stjórnin lagt mikið uppúr að allur innri strúktúr félagsins sé undirbúinn fyrir stækkun. Má þar nefna vinnu við fyrirliggjandi starfsmannastefnu, áætlanagerð sem unnin er í lok hvers árs, sem tekur til sölu og kostnaðar, aðkeyptra auglýsinga, fjárfestinga og fjölgun starfa svo nokkuð sé nefnt og stefnumótun- og framtíðarsýn sem auðveldar stjórnendum og stjórn ákvarðanatökur.

Velta félagsins hefur verið stöðugt á uppleið frá árinu 1999 í kjölfar umfangsmikilla rannsókna- og þróunarverkefna sem eru farin að skila sér inn í sölu félagsins. Árið 2002 og 2003 var félagið rekið með hagnaði.

SAMÞYKKT VERKEFNAFJÁRMÖGNUN ÁRIÐ 2003

Vöruþróunar- og markaðsdeild

SARÍS, rafrænt samfélag	250.000.-
Tryggingardeild útflutnings.....	2.000.000.-
Samtals:	2.250.000.-

Verkefnafjármögnun

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar	9.000.000.-
Iðntæknistofnun	10.300.000.-
Tryggingardeild útflutnings.....	2.000.000.-
Nýsköpun 2003.....	5.500.000.-
Útflutningsráð	10.600.000.-
Viðskiptastofa Utanríkisráðuneytis	3.500.000.-
SARÍS, rafræn viðskipti.....	500.000.-
Háskóli Íslands	2.220.000.-
Háskólinn í Reykjavík	1.000.000.-
Samtals:	44.620.000.-

ÁRSREIKNINGUR
2003

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003, og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. mars 2004

Deloitte hf.



Páll Steingrímsson
endurskoðandi



Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA


Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. mars 2004

Í stjórn



Arnar Sigurmundsson
stjórnarformaður



Jón Steindór Valdimarsson



Ágústa Guðmundsdóttir




Halldór Björnsson




Hermann Hansson

Framkvæmdastjóri



Gunnar Örn Gunnarsson



REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2003

	Skýr.	2003	2002
Rekstrartekjur og fjármagnsgjöld	11		
Vörslutekjur		289.980.919	(603.630.635)
Þóknunartekjur		21.036.345	7.703.450
Gengisbreyting verðbréfaeignar		68.579.763	(185.110.214)
Aðrar tekjur		9.332.852	4.667.148
Söluhagnaður fastafjármuna		0	8.418.035
Fjármagnsgjöld		(16.762.451)	(19.801.647)
		<u>372.167.428</u>	<u>(787.753.863)</u>
 Rekstrargjöld			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni		12.244.676	13.253.622
Laun og launatengd gjöld	12	88.468.574	81.512.447
Annar almennur rekstrarkostnaður		57.566.177	57.315.337
Afskriftir	2,3	2.080.528	1.722.107
		<u>160.359.955</u>	<u>153.803.513</u>
 Hagnaður/(tap) fyrir fjárfestingaverkefni		211.807.473	(941.557.376)
 Fjárfestingaverkefni			
Tekjur vegna fjárfestinga í eignarhlutum		119.995.662	2.227.100
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum		76.049.752	85.928.808
Innleystar ábyrgðir		(8.910.236)	0
